



Fundargerð

504. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4, miðvikudaginn 3. apríl 2024, kl. 10:00.

Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson og Einar Kristján Jónsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn, klukkan 10.05

Fundargerðir til staðfestingar

1. 2403002F - Skipulagsnefnd - 191

1.1 2403004 - Efri Ey 2 byggingarleyfisumsókn

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 191

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að áformin verði samþykkt og telur að áformin séu þess eðlis að þau séu undanþegin grenndarkynningu sbr. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga. Áformin eru innan þess ramma sem leyfilegt er innan landbúnarsvæðis þar sem minniháttar ferðaþjónusta er leyfð innan landbúnaðarsvæðis. Frekari uppbygging er þó háð gerð deiliskipulags.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps, staðfestir samhljóða ákvörðun skipulagsnefndar.

1.2 2403005 - Teygingalækur-breyting á deiliskipulagi

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 191

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps, staðfestir samhljóða ákvörðun skipulagsnefndar.

1.3 2403006 - Skaftárvellir 30-fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 191

Skipulagsnefnd leggur til að húsinu verði fundin önnur lóð. Um er að ræða of litla lóð fyrir 8 íbúða raðhús. Gildandi deiliskipulag heimilar parhús á lóðinni og stækka þyrfti lóðina talsvert til þess að áformin myndu ganga upp. Ennfremur myndu áformin kalla á breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps. Við Skaftárvelli 23 og 25 er hægt að koma fyrir 2 hæða fjölbýli fyrir 8 íbúðir. skv. gildandi deiliskipulagi

Sveitarstjórn Skaftárhrepps, staðfestir samhljóða ákvörðun skipulagsnefndar.

BHS
Jf. Arski
GM



1.4 2403007 - Dalbæjarstapi deiliskipulag

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 191

Þar sem tillagan er ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag eða auglýsta tillögu að endurskoðun aðalskipulags er ekki mögulegt að auglýsa deiliskipulagið. Skipulagsnefnd leggur til að áður en tillagan verði auglýst og fái málsmeðferð í samræmi við 43. gr. skipulagslaga þá nýti framkvæmdaraðili tímann til að skrá fornleifar fyrir svæðið. Ennfremur vantar upplýsingar fyrir hvernig aðkomu er háttað að hverju húsi sem og upplýsingum um vatnsöflun fyrir fráveitu og brunavarnir. Tillagan verði síðan auglýst samhliða auglýsingu á endurskoðun aðalskipulags sem er í vinnslu.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps, staðfestir samhljóða ákvörðun skipulagsnefndar.

1.5 2403008 - Stofnun Þjóðlendu-Síðujökull, Háabunga og Súlujökull

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 191

Skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti erindi forsætisráðuneytisins og leggur eftirfarandi tillögu fyrir sveitarstjórn: „Sveitarstjórn samþykkir umsókn forsætisráðuneytisins um stofnun Þjóðlendu og felur sveitarstjóra og eða byggingarfulltrúa að annast stofnun Þjóðlendunnar.“

Sveitarstjórn Skaftárhrepps, samþykkir samhljóða umsókn forsætisráðuneytisins um stofnun Þjóðlendu og felur byggingarfulltrúa að annast stofnun Þjóðlendunnar.

1.6 2403009 - Stofnun Þjóðlendu-Katla sá hluti innan Skaftárhrepps

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 191

Skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti erindi forsætisráðuneytisins og leggur eftirfarandi tillögu fyrir sveitarstjórn: „Sveitarstjórn samþykkir umsókn forsætisráðuneytisins um stofnun Þjóðlendu og felur sveitarstjóra og eða byggingarfulltrúa að annast stofnun Þjóðlendunnar.“

Sveitarstjórn Skaftárhrepps, samþykkir samhljóða umsókn forsætisráðuneytisins um stofnun Þjóðlendu og felur byggingarfulltrúa að annast stofnun Þjóðlendunnar.

1.7 2403010 - Efri Vík -Selhólavegur skilmálabreyting

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 191

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps, staðfestir samhljóða ákvörðun skipulagsnefndar.

BHS
AV J.G.
sh.



Fundargerðir til kynningar

2. 2403020 - Fræðslunefnd

Lögð fram fundargerð fræðslunefndar frá 21. mars 2024.

Fundargerð fræðslunefndar lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn Skaftárhrepps vill þakka kennurum og öðru starfsfólki skólans fyrir gott starf í vetur. Allir starfsmenn hafa lagt sitt af mörkum með það að markmiði að halda uppi skólastarfi og láta það ganga eins vel og hægt er. Starfsfólk og kennarar hafa hlaupið í alls kyns störf vegna forfalla og manneklu.

3. 2403023 - Hula bs.

Lögð fram fundargerð stjórnar Hulu bs. frá 25. mars 2024.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. 2403016 - Bergrisinn bs

Lögð fram fundargerð 70. stjórnarfundar Bergrisans bs. frá 26. febrúar 2024.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

5. 2403027 - Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu

Lögð fram fundargerð 80. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu, frá 25. mars 2024, ásamt ársreikningi 2023.

Fundargerðin lögð fram til kynningar, sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við meðfylgjandi ársreikning.

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

6. 2403024 - Kirkjubæjarskóli á Síðu

Kaup á öryggismyndavélum, fyrir utan og innan skóla, vegna sí endurtekna skemmda á eignum starfsmanna og sveitarfélagsins.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Unnin hafa verið skemmdarverk á eignum starfsmanna, svo sem bifreiðum og persónulegum hlutum og jafnframt eignum sveitarfélagsins svo sem innanstokksmunum, húsbúnaði, tækjum og fleiru. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að koma upp eftirlitskerfi með myndavélum á bifreiðaplani og í skólahúsnæði samkvæmt gildandi reglum og lögum.

BHS
Al. 25.
SHI.



7. 2302055 - Refaveiðar

Fyrirkomulag grenjavinnslu sumarið 2024.

Oddviti gerði grein fyrir málinu. Engin grenjavinnsluaðili fyrra árs, hefur óskað eftir því að hætta að stunda grenjavinnslu. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að framlengja samninga við grenjavinnsluaðila, þannig að þeir nái yfir sumarið 2024. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að grenjaskyttur skuli skila heilum dýrum en ekki eingöngu skotti í lok grenjaveiðitímabils. Ennfremur samþykkir sveitarstjórn að fela sveitarstjóra að finna veiðimann á efrihluta Álftavers. Sveitarstjóra falið að eiga viðræður við núverandi grenjavinnsluaðila um framlengingu á samningum.

8. 2403012 - Hula bs.

Lagðar fram, til fyrri umræðu, endurskoðaðar samþykktir fyrir Byggðasamlagið Hulu bs.

Oddviti gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn samþykkir framlagðar samþykktir fyrir Byggðasamlagið Hulu bs. og vísar þeim til síðari umræðu í sveitarstjórn.

9. 2311015 - Svæðisskipulag Suðurlandshálendis 2022 - 2042

Lögð er fram tillaga að svæðisskipulagi Suðurlandshálendisins 2022-2042 eftir auglýsingu.

Oddviti gerði grein fyrir málinu. Lögð er fram tillaga að svæðisskipulagi Suðurlandshálendisins 2022-2042 eftir auglýsingu. Innan tillögunnar er mótuð framtíðarsýn fyrir Suðurlandshálendið um sterka innviði, umhyggju fyrir auðlindum, ábyrga nýtingu auðlinda, aðgerðir fyrir loftslagið og góða samvinnu. Tillögunni fylgir greinargerð um landslagsgreiningu fyrir Suðurlandshálendi, sem er fylgirit svæðisskipulagsins. Tillagan nær yfir hálendishluta sveitarfélaganna Skaftárhrepps, Mýrdalshrepps, Rangárfings eystra, Rangárfings ytra, Ásahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Hrunamannahrepps, Bláskógabyggðar, og Grímsnes- og Grafningshrepps. Auk þeirra hafa sveitarfélögin Flóahreppur og Árborg tekið þátt í verkefninu. Tillagan var auglýst frá 15. nóvember 2023 til og með 19. janúar 2024. Athugasemdir og umsagnir bárust við tillöguna og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins eftir auglýsingu auk samantektar á andsvörum og viðbrögðum svæðisskipulagsnefndar fyrir Suðurlandshálendið. Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir samhljóða framlagða tillögu að svæðisskipulagi Suðurlandshálendisins 2022-2042.

BHS
Algs.
SKI.



10. 2403013 - Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Lagður fram viðauki við samning milli Sveitarfélagsins Hornafjörður og Skaftárhrepps annars vegar og umhverfis- og auðlindaráðuneytis hins vegar um rekstur Náttúrustofu Suðausturlands.
Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagðan viðauka við samning um rekstur Náttúrustofu Suðausturlands.
11. 2403015 - Umhverfisstofnun
Lagt fram bréf, Umhverfisstofnunar, dagsett 19. febrúar 2024, vegna tillögu að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár.
Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu, sveitarstjórn mun ekki gera athugasemdir við framlagða tillögu að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár.
12. 2403017 - Forsætisráðuneytið
Lagt fram bréf, dagsett 5. febrúar 2024. Þar sem kynnt er dagskrá í tilefni af 80 ára afmæli lýðveldis Íslands 2024.
Erindið lagt fram til kynningar og vísað til menningarmálanefndar og íþróttá- og tómsbundanefndar Skaftárhrepps.
13. 2403018 - Háskólafélag Suðurlands
Lagt fram bréf, dagsett 22. mars 2024, þar sem boðað er til aðalfundar Háskólafélags Suðurlands ehf., þriðjudaginn 23. apríl 2024.
Erindið lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn samþykkir að Auður Guðbjörnsdóttir verði fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum.
14. 2403019 - Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands
Lagt fram bréf, dagsett 21. mars 2024, vegna Styrktarsjóðs EBÍ.
Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Styrktarsjóður EBÍ hefur styrkt á liðnum árum hin ýmsu verkefni í sveitarfélaginu, svo sem viðgerð á inntakshúsi við rafstöð á Kirkjubæjarklaustri og fleira. Sveitarstjóra falið að sækja um styrk í samstarfi við Fótspor félag um sögu og minjar í Skaftárhreppi
15. 2403025 - Félags- og skólabjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu
Lagðar fram reglur um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk á þjónustusvæði félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagðar reglur um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk á þjónustusvæði félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu.



16. 2403026 - Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu
Lagðar fram reglur um akstursþjónustu fyrir eldri borgara á þjónustusvæði félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagðar reglur um akstursþjónustu fyrir eldri borgara á þjónustusvæði félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu
17. 2403022 - Trúnaðarmál
Niðurstaða færð í trúnaðarbók Skaftárhrepps.

Skýrsla sveitarstjóra

18. 2403021 - Skýrsla sveitarstjóra 504 fundur
Sveitarstjóri greindi frá störfum sínum og þeim framkvæmdum sem unnið er að. Greindi hann frá því að byggingarnefnd um nýjan leikskóla hefði hist og nokkrar athugasemdir væru við fyrstu teikningar, sem nú væri verið að lagfæra. Greindi sveitarstjóri frá því að liðléttingur áhaldahúss væri alveg á loka metrum. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að fá tilboð í nýjan liðlétting sem gæti hentað áhaldahúsi.
Sveitarstjóri greindi frá öðru því sem fram kom á fundinum.

Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 14.16.


Jóhannes Gissurarson


Björn Helgi Snorrason


Gunnar Pétur Sigmarsson


Auður Guðbjörnsdóttir


Sveinn Hreiðar Jensson